

Morgunverðarfundur fjölskylduráðs 15. maí 2002

Ólafur P. Stephensen

### **Eigin gæfu smiður: Í fæðingarorlofi nú og fyrir fjórum árum**

Ágætu fundargestir.

Þegar föðurhlutverkið er til umræðu er mér efst í huga að það sé einhver mesta gæfa mín í lífinu að hafa fengið að sinna því hlutverki gagnvart dætrum mínum tveimur og að hafa tekið mér tíma til þess að reyna að gera það vel. Yfirskrift þess, sem ég hafði hugsað mér að segja hér, er þannig til komin að ég tel að feður þurfi að vera eigin gæfu smiðir í þessum efnum, ekki láta hefðir, ríkjandi viðhorf eða samfélagslegan þrýsting hafa of mikil áhrif á sig, heldur að haga sínu hlutverki í fjölskyldunni í samræmi við það sem þeir telja fjölskyldunni – sjálfum sér, börnunum sínum og móður þeirra - fyrir beztu.

Við höfum orðið vör við það á undanförunum árum að áhugi feðra á að gerast virkari í föðurhlutverkinu og axla ábyrgð á börnum og heimili til jafns við mæður hefur farið vaxandi. Möguleikar þeirra til þess hafa hins vegar verið takmarkaðir. Nýju lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafa gjörbreytt þessum möguleikum og gert feðrum jafnt og mæðrum kleift að helga sig uppeldi og umönnun lítilla barna á fyrstu mánuðunum í ævi þeirra. Með því er lagður grunnur að nánu tilfinningasambandi föður og barns og jafnframt jafnri verkaskiptingu á heimilinu, en það hefur sýnt sig að þar sem foreldrar skipta fæðingarorlofi á milli sín hefur það skilað sér í jafnari verkaskiptingu í framhaldinu.

Nú þegar eru nokkur þúsund íslenskir karlar með reynslu af því að vera heima í fæðingarorlofi. Fyrir tveimur eða þremur árum voru þeir hins vegar kannski bara nokkrir tugir og ég var einn þeirra. Þá þótti ég tiltölulega merkilegur sýningargripur á svona fundum en í ljósi þess að svo er ekki lengur, ætla ég ekki að fjalla í löngu máli um reynslu mína af fæðingarorlofi. Hins vegar langar mig að segja ykkur stuttlega frá muninum á því að taka sér fæðingarorlof fyrir rúmum fjórum árum, þegar eldri stelpa mín var á fyrsta árinu, og svo aftur í byrjun þessa árs, þegar ég var heima hjá þeirri yngri.

Þegar við Halldóra, konan mín, áttum von á eldri stelpunni sem fæddist í júní 1997, vorum við löngu búin að gera það upp við okkur að við vildum skipta umönnun hennar og ábyrgðinni á heimilishaldinu sem jafnast á milli okkar. Okkur fannst við eiga jafnmikið í barninu og bera jafnmikla ábyrgð á því, við vildum að nýja barnið nyti okkar beggja jafnt frá upphafi og við vildum ekki að annað okkar drægist afturúr á vinnumarkaðnum vegna barneigna en hitt héldi bara sínu striki.

Ég var algerlega harður á því að ég yrði að fá fæðingarorlof og eyða einhverjum mánuðum heima með nýja barninu, annars yrði ég aldrei almennilega sáttur við sjálfan mig. Þá voru hins vegar góð ráð dýr, því að ég átti engan sjálfstæðan rétt á fæðingarorlofi. Í kjarasamningum blaðamanna voru reyndar ákvæði um fjögurra mánaða fæðingaorlof á launum, en þar var skýrt tekið fram að það ætti eingöngu við um blaðakonur. Ég bar mig upp við vinnuveitendur mína á Morgunblaðinu, sem höfðu reyndar aldrei fengið svona fyrirspurn áður, en í sameiningu fundum við þá lausn að ég tæki fyrst sumarfríð mitt og fengi svo að flýta þriggja mánaða frí, sem blaðamenn eiga á fimm ára fresti. Þannig tókst mér að kría út fjóra mánuði til að vera heima hjá dóttur minni, þann fyrsta strax eftir að hún fæddist og hina þrjá þegar hún var átta til ellefu mánaða.

Á þessum tíma voru margir hissa á þessari ákvörðun minni en flestir þó jákvæðir, ekki sízt af því að fríð mitt bættist við sex mánaða fæðingarorlof konunnar minnar og stelpan gat verið lengur heima sem því nam. Ég fékk heilmikil viðbrögð á gönguferðum mínum með barnavagninn, bláókunnugt fólk gaf sig jafnvel á tal við mig og spurði hvort ég væri virkilega heimavinnandi. Ég eyðilagði mömmumorgnana í sóknarkirkjunni minni með því að vera fyrsti pabbinn til að mæta og eftir það urðu þeir foreldramorgnar. Ég sá aldrei annan pabba í fæðingarorlofi í þessa fjóra mánuði, með einni undantekningu; einu sinni hitti ég tvo aðra pabba með barnavagna á Austurvelli. Þá komst ég reyndar í geðshræringu og hrópaði: Þetta er andinn, strákar! og þeir héldu sennilega að ég væri eitthvað skrýttinn.

Núna er þetta allt saman mikið breytt, og það á örskömmum tíma. Yngri dóttir mín fæddist í ágúst í fyrra og nú skilaði ég bara snyrtilegu eyðublaði til vinnuveitandans míns um að ég ætlaði að taka fæðingarorlof í tæpa þrjá mánuði eftir áramótin, vera

fyrst í fullu orlofi í tvo mánuði og svo nokkrar vikur í hálfri vinnu. Í þetta sinn þótti mjög fáum nokkuð merkilegt að ég væri að fara í fæðingarorlof, það þótti þvert á móti sjálfsagður og eðlilegur hlutur. Ég varð þó var við að sumir urðu hissa á því að ég tæki þrjá mánuði af þeim sjö, sem við hjónin höfðum til ráðstöfunar, en ekki bara þennan eina, sem ég átti einn og út af fyrir mig, þrátt fyrir að það standi mjög skýrt í nýju lögnum að þrjú mánuðir séu til skiptanna á milli foreldra. Og konan mín fékk spurningar frá öðrum konum um hvað það ætti að þýða að taka bara fjóra mánuði en ekki “sína” sex. Svo virtist það skipta suma svolitlu máli að ég tæki mér þetta frí þrátt fyrir að hafa þokazt eitthvað upp á við í skipuriti Morgunblaðsins og ég fékk meira að segja þá athugasemd – reyndar frá kvenmanni – að ég hlyti að vera dýrasta barnapía á Íslandi. Mér er til efs að móðir í fæðingarorlofi fengi þessa athugasemd, jafnvel þótt hún væri forstjóri og á miklu hærri launum en ég.

Að sjálfsögðu skipti ekkert af þessu neinu máli, af því að maður er eigin gæfu smiður og ég var alsæll í minni heimaveru með dóttur minni. Að þessu sinni var ég alveg laus við þá tilfinningu að vera sér á parti í fæðingarorlofinu. Bezti vinur minn var að klára fæðingarorlofið sitt þegar ég byrjaði og við gátum fengið okkur göngutúra saman í bænum. Hlíðahverfið iðaði af pöbbum með barnavagna og þegar ég byrjaði að sækja foreldramorgna í Háteigskirkju og bjó mig undir að verða aftur brautryðjandi voru þar tveir pabbar og au þeir-drengur fyrir. Hvílík breyting á ekki lengri tíma.

Þegar ég lít til baka er ég mjög ánægður með að hafa verið samkvæmur sjálfum mér og haldið fast við það sem við konan mín lögðum upp með þegar við vorum að skipuleggja fram í tímann áður en við giftum okkur, að skipta verkum jafnt. Mér finnst það hafa verið ákvörðun, sem gagnaðist mörgum og á eftir að gagnast enn fleirum. Ég og stelpurnar mínar búum tvímælalaust að þeim tengslum, sem urðu til á þessum mánuðum á fyrsta árinu. Okkar tilfinningasamband er mikilvægasti ávinningurinn. Þrátt fyrir að það sé stundum flókið að skipuleggja hver á að sækja, elda, svæfa, mata, klæða o.s.frv. er ég þeirrar skoðunar að jöfn verkaskipting sem útgangspunktur í hjónabandi fækki líka árekstrum og dragi úr togstreitu.

Og þetta er líka ákvörðun fyrir framtíðina – fyrir framtíðarmöguleika stelpnanna minna. Ef það er almennt viðurkennt að foreldrar skipti jafnt með sér barnaumönnun og heimilishaldi er búið að taka burt forsendurnar fyrir ójafnri stöðu kynjanna á

vinnumarkaðnum, búið að fyrirbyggja að þegar dætur mínar mæta í fyrsta atvinnuviðtalið sitt fái þær nærgöngulu spurningarnar, sem konur fá enn í dag um það hvort þær ætli nokkuð að fara að eignast börn á næstunni. Það verður búið að koma í veg fyrir að þær detti út af framabrautinni vegna þess að þær þurfi að sinna börnum og heimili í meiri mæli en karlarnir sem þær vinna með.

Ef ég ætti stráka, myndi mér finnast að ég væri að auka möguleika þeirra á gefandi tilfinningasamböndum, að rækta með sér eiginleika sem margir hafa til þessa talið konur eiga einkarétt á, að verða meiri og betri karlmenn. Ég væri líka að bæta stöðu þeirra ef svo illa færi að þeir lentu í skilnaði, því að ef það er viðurkennt að báðir foreldrar annist börn jafnt frá fæðingu og að þau eigi jafnnáið samband við móður og föður, er út í hött að dæma mæðrum frekar forræði við skilnað og reyndar yfirleitt að vera að skipta forræðinu.

Í þessari nýju stöðu, þar sem tækifærin hafa komið upp í hendurnar á feðrum til að sinna sínu hlutverki, held ég að við ættum að leggja áherzlu á að móta það sjálfir, á okkar forsendum, þótt það þurfi auðvitað allt að gerast í góðu samkomulagi við mömmurnar. Menn eiga að láta gamlar fyrirmyndir lönd og leið og vera þeir sjálfir. Ekki taka það sem gefna stærð að pabbinn eigi að taka sína þrjá mánuði í fæðingarorlof og mamman sína sex, heldur að ræða hvernig þessu verði bezt fyrir komið og taka sjálfstæða ákvörðun. Passa upp á að föðurhlutverkið verði ekki einhvern veginn afleidd stærð út frá móðurhlutverkinu. Pabbar eru ekki mömmur. Þeir eiga að vera hæstráðendur til sjós og lands á heimilinu á meðan þeir eru heima í fæðingarorlofi. Klæða börnin eins og þeim sýnist. Ekki hlusta á forskriftir um það hvernig maður á að haga sér í fæðingarorlofi. Gera pabbahluti með börnunum, hluti sem mann langar sjálfan til að gera. Ef það inniheldur að horfa á enska boltann og drekka bjór, er það í góðu lagi svo lengi sem krílið fær að vera með. Það heldur varla nokkur að börnum á fyrsta árinu þyki leiðinlegra að horfa á pabba sinn horfa á ensku knattspyrnuna en að vera tekin með í saumaklúbb?

Menn mega þó gjarnan gæta sín að falla ekki í sömu gryfju og sumar nútímamömmur hafa gert. Menn verða að vera reiðubúnir að hægja í alvöru á í vinnunni um tíma til að geta sinnt nýjum fjölskyldumeðlim. Feður verða að kunna að forgangsraða. Það getur

verið framkvæmanlegt að standa sig með glans bæði í vinnunni og í föðurhlutverkinu, en það getur hins vegar þýtt að menn neyðist til að draga mjög saman í félagsstörfum og félagslífi. Sætta sig við að vera í einni nefnd en ekki tíu, eins og ég hef þurft að gera. Jafnvel að fækka veiðiferðum og jeppaferðalögum á fjöll þangað til krílin eru orðin nógu gömul til að koma með. Sumir vilja gera allt – standa sig á öllum sviðum. Það leiðir hugann að ofurkonuhugtakinu, sem var mikið til umræðu hér fyrir nokkrum árum. Ég er ekki frá því að ofurkarlinn sé að verða til líka, sá sem vill baka sjö sortir, spila við börnin, fara í framboð, vera formaður handboltadeildarinnar og fá launa- og stöðuhækkun í vinnunni. Hann er líka í sömu hættu á að ofkeyra sig og ofurkonan. Það þarf að leita að jafnvægi, sem er ekki alltaf auðfundið.

Af því að ég hef nefnt nýju fæðingarorlofslögin, langar mig að lokum að víkja að þeirri gagnrýni, sem þau hafa fengið. Hún er í stuttu máli sú að þau séu of dýr, að lögmál velferðarkerfisins séu brotin með því að þeir efnameiri fái meiri stuðning en þeir efnaminni og að með þeim séu þabbar skikkaðir í fæðingarorlof.

Það er í fyrsta lagi á misskilningi byggt að einhver sé skyldaður í fæðingarorlof. Bæði feður og mæður standa hins vegar frammi fyrir því vali, að nýta rétt sinn til orlofs og að barnið þeirra fái þar með að vera lengur í faðmi fjölskyldunnar en áður var, eða að nýta hann ekki. Enginn er verr settur en hann var fyrir gildistöku nýju laganna að þessu leyti, þvert á móti eru langflestir betur settir. Sjálfstæði rétturinn er þannig ekki þvingun, heldur hvatning.

Í öðru lagi er jákvæða tengingin við tekjur nauðsynleg vegna launamunar kynjanna. Ef hún hefði ekki komið til, hefðum við bara viðhaldið gamla ástandinu, þar sem það borgaði sig sjaldnast fyrir fjölskylduna að þabbinn færi heim í nokkra mánuði vegna þess að þannig missti heimilið meiri tekjur en ef mamman var heima. Það kunna að verða forsendur fyrir að breyta þessu þegar launamunurinn hefur verið jafnaður, en það er ekki tímabært.

Í þriðja lagi, hvað kostnaðinn varðar, er það svo að ef menn eru á annað borð á þeirri skoðun að það vanti upp á jafnan rétt og stöðu kynjanna og það sé vandamál, verða þeir að sætta sig við að fæðingarorlofsgreiðslurnar eru hluti kostnaðarins við að leiðrétta það.

Við höfum nú þegar náð alveg einstæðum árangri með því að 85% íslenskra karla hafa nýtt sér hinn nýfengna rétt sinn á fyrsta gildisári nýju laganna. Ég er sannfærður um að með breyttum kynhlutverkum sjáum við fram á mikla breytingu á íslenskum fjölskyldum og íslensku samfélagi, sem verður okkur áreiðanlega öllum til gæfu.